

## Fréttabréf Viðskiptaráðs 13. nóvember 2009

---

### Fjölþrepa skattkerfi er afleit hugmynd

Viðskiptaráð Íslands telur hugmyndir um fjölþrepa skattlagningu launatekna hvorki til þess fallnar að efla tekjugrunn hins opinbera né hraða því endurreisnarstarfi sem framundan er í íslensku efnahagslífi.

Skattar skipta verulegu máli þegar kemur að því að letja eða hvetja þátttakendur hagkerfisins til ýmissa verka. Þegar fólk tekur ákvarðanir er eðlilegt að hugsa á jaðrinum, þ.e. hversu stórum hluta viðkomandi kemur til með að halda eftir af þeim verðmætum sem sköpuð eru. Með þetta í huga er ljóst að jaðarskattar ráða miklu um hegðun og ákvarðanir innan hagkerfa. [Lesu áfram...](#)

Frekari upplýsingar um skattkerfið og m.a. þrepaskiptingu þess má finna hjá fyrirtækinu [DataMarket](#) og í skýrslu OECD um samband skattlagningar og hagvaxtar, sjá [hér](#).

### Styttist í alþjóðlega athafnaviku

Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar er brýnt að líta fram á við og huga að nýjum sóknarfærum. Efnahagsleg velferð landsins veltur á framtíðarsýn þjóðarinnar og því hvaða málaflokka helst verður lögð áhersla á næstu misserin. Frumkvöðlastarf getur gegnt lykilhlutverki í því endurreisnarstarfi sem framundan er enda eru nýjar hugmyndir og athafnasemi forsenda efnahagslegs fjölbreytileika og sterkrar samkeppnisstöðu atvinnulífs.

Dagana 16. – 22. nóvember verður hvatt til slíkra verka en þá verður Alþjóðleg athafnavika haldin um heim allan, þ.m.t. á Íslandi. Viðburðinum er ætlað að tengja saman fólk og hugmyndir um allan heim, þvert á öll landamæri og menningarstrauma. Boðið verður upp á fjölda viðburða sem hannaðir eru til þess að kynna fólki leiðir til að nýta hæfileika sína til nýsköpunar, athafnasemi og frumkvöðlahugsunar.

Dagskránna í heild og frekari upplýsingar má nálgast á vefnum [www.athafnavika.is](http://www.athafnavika.is).

### Nýsköpunarfrumvarp

Viðskiptaráði hefur borist beiðni frá nefndarsviði Alþingis um umsögn við [frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki](#). Markmið laganna er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknar og þróunarstarf með því veita slíkum fyrirtækjum skattfrádrátt sem og að með því að hvetja til fjárfestingar í þeim. Heilt á litið lofar frumvarpið góðu og standa vonir ráðsins til að með frumvarpinu verði starfsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja hérlendis gert ákjósanlegra.

Aðildarfélagar eru hvattir til að hafa samband við Harald I. Birgisson, lögfræðing Viðskiptaráðs, hafi þeir einhverjar athugasemdir við frumvarpið. Umsögn ráðsins þarf að skila í síðasta lagi 20. nóvember næstkomandi. Að sama skapi eru félagar hvattir til að hafa samband vegna annarra frumvarpa sem eru til afgreiðslu á Alþingi.

## Endurskipulagning fyrirtækja & mikilvægi fjárfesta

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, hélt neðangreint erindi á morgunverðarfundi Íslandsbanka í síðustu viku um mikilvægi fjárfesta í endurreisn hagkerfisins, þar sem hann fór með fundarstjórn:

*Fjárfestar gegna stóru hlutverki í endurreisn hagkerfisins, og á það við um stóra jafnt sem smáa, allt frá stofnana- og fagfjárfestum til almennings í landinu. Eftir hremmingar undanfarinna mánaða er hinsvegar ekki nema von að þeir hafi tilhneigingu til að halda að sér höndum og leita sem öruggastra kosti. Þá er núna að finna í skuldabréfum, aðallega ríkis, og innlánnum, en nú liggja hátt á annað þúsund milljarðar í innlánnum banka og sparisjóða. Gjaldeyrishöft koma í veg fyrir fjárfestingu utan landsteina og markaður með hlutabréf er ekki svipur hjá sjón.*

*Um leið er ljóst að forsenda rösklegrar endurreisnar hagkerfisins er þróttmikið og heilbriggt atvinnulíf. Í þeirri endurskipulagningu atvinnulífs sem nú er hafin skortir mikilvægt hráefni, sem er fjármagn. Sem allra fyrst þarf að skapa fjárfestum aðstæður til að koma fjármagni í skilvirkari nýtingu, sérstaklega til fjármögnunar atvinnureksturs. Bæði er þar um að ræða mikilvæga forsendu endurskipulagningar og viðreisnar atvinnulífs en einnig felast þar tækifæri fyrir fjárfesta að ná til baka hluta þess taps sem varð við hrun bankerfisins. [Lesið áfram](#) ...*

Þá fór Finnur jafnframt með fundarstjórn á ráðstefnu KPMG um fjárhagslega endurskipulagningu á rekstri fyrirtækja, erindi hans má nálgast [hér](#).

## Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Fjöldi erlendra fyrirtækja er að skila af sér góðum uppgjörum fyrir þriðja ársfjórðung** en þar má nefna m.a. þýska tryggingafélagið Allianz, norska olíusjóðinn, bandarísku smásölukeðjuna Wal-Mart, Barclays bankann og fjárfestingarfélagið Berkshire Hathaway.
- **Nýsköpunarfyrirtæki koma sterk út úr efnahagshruninu** að mati formanns Samtaka sprotafyrirtækja.
- **Enginn flótti erlendra fjárfesta er framundan þegar gjaldeyrishöftum verður aflétt** að mati greiningar sænska SEB bankans, ef önnur efnahagsþróun verður jákvæð.
- **Atvinnuleysi hérlendis á þriðja ársfjórðungi mælist undir meðaltali atvinnuleysis innan OECD ríkjanna** sem og undir meðaltals atvinnuleysi innan Evrópusambandsins.
- **Sparisjóðirnir hafa lækkað vexti á inn- og útlánnum um allt að 1%** í kjölfar vaxtalækkunar Seðlabankans og lýsa sig reiðubúna til samstarfs við úrlausn á þeim vanda sem liggur á þjóðinni.
- **Skuldatryggingarálag á ríkissjóð lækkaði um 44% á þriðja ársfjórðungi ársins**, skv. mælingum Credit Market Analysis.
- **Innlendir aðilar halda áfram að sækja fram á erlendum vettvangi**, en félag í eigu Enex Kína hefur undirritað samkomlag við sveitarfélag í Kína um uppbyggingu jarðvarmaveitu þar í bæ og

hollenska ING bankasamstæðan hefur valið fyrirtækið Applicon til að vinna að innleiðingu hugbúnaðar fyrir útlán bankans.

- **Mun færri fyrirtæki hafa farið í þrot á árinu en búist var við** skv. skráningum CreditInfo en framkvæmdastjóri félagsins telur mörg jákvæð teikn á lofti um bata í efnahagslífinu.
- **Lausafjárkrísan er að minnka að mati fjárfestisins Warren Buffet**, en Buffet telur vexti á matshæfum fjármálaafurðum að lækka.
- **Lífeyrissjóðirnir hafa ákveðið að stofna Framtakssjóð Íslands sem mun fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum**, en stofnfundur sjóðsins verður 24. nóvember næstkomandi.
- **Matsfyrirtækið Moody's telur að íslenska efnahagskerfið hafi staðið sig betur en áætlað var og útlit sé fyrir að kreppan verði bæði grynri og styttri en spár gerðu ráð fyrir**, þrátt fyrir lækkun fyrirtækisins á lánsþæfismati ríkissjóðs.
- **Félagsmálaráðherra boðar til þjóðaráttaks gegn atvinnuleysi unga fólksins**, en norrænir vinnumálaráðherrar funduðu í vikunni í Reykjavík þar sem ræddar voru leiðir í þessum efnunum.
- **Hagvöxtur í Þýskalandi á þriðja ársfjórðungi nam 0,7% en hagvöxtur uppá 0,3% mældist í Frakklandi á sama tímabili** og er þetta annar ársfjórðungurinn í röð sem hagvöxtur mælist í þessum löndum, sem treystir vonir um að efnahagskreppan sé þarna á undanhaldi.
- **Ný vefsíða um íslenskan fjármálamarkað, [www.keldan.is](http://www.keldan.is), opnaði í vikunni** og er síðunni ætlað að veita yfirsýn á fjármálamarkaði sem og að vera til gagns og gamans.

Góða helgi.